

1 – Inngangur: Huldukonur í sögunni



Hvað veist þú um margar hinsegin konur í fortíðinni? Hvaða konur voru það? Fjallar sagan sem við lærum um í skólanum um hinsegin konur? Eða konur almennt? Af hverju vitum við svona fátt um þær? Hvað er hinsegin kona? Eða hinsegin kynverund?

Í umfjöllun um sögu Íslands og heimsins alls er almennt fjallað meira um karla en konur. Að sama skapi er sjaldan fjallað um kyn eða kynhneigð fólks, nema þegar tekið er fram að viðkomandi hafi verið karl eða kona. Oft er nefnt hverjum hann eða hún giftist en þá er yfirleitt um að ræða hjónaband karls og konu. Fólk sem valdi að giftast ekki og manneskjur sem löðuðust að fólki af sama kyni, mörgum kynjum eða alls ekki að neinum, hafa alltaf verið til. Kynverund þeirra er þó nánast ósýnileg í sögubókum af því að þar er ekki fjallað um hana. Það sama má segja um fólk sem upplifði kyn sitt á annan hátt en sem karl eða konu og einstaklinga sem fannst kyn þeirra „ekki passa“ við það kyn sem samfélagið áleit þá tilheyra. Þetta á líka við um manneskjur með óhefðbundin líkamleg kyneinkenni, sem voru ekki karlkyns eða kvenkyns eða voru ekki flokkuð þannig. Allt þetta fólk, upplifanir þess og reynsla er meira og minna ósýnileg í sögubókum. Þetta eru dæmi um hvernig sú saga sem við lesum um er með kynja- og kynhneigðarslagsíðu – það er að segja, gagnkynhneigt og sískynja fólk fær þar mun meira pláss en aðrir.

Í dag eru notuð fjölmörg hugtök til að lýsa svona upplifunum og reynslu: hinsegin, trans, kynsegin, intersex, samkynhneigð, tvíkynhneigð, pankynhneigð, eikynhneigð og svo mætti lengi telja. Þessi hugtök passa þó ekki endilega við fortíðina og duga oft skammt til að lýsa henni. Þau voru flest bún til á 20. og 21. öld til að lýsa veruleika og hugmyndum sem fólk áður fyrr þekkti ekki, því hugmyndir fólks um kyn og kynverund hafa breyst mikið. Það er til dæmis ekki endilega rökrétt eða við hæfi að lýsa einstaklingi á 19. öld sem lesbíu eða trans manneskju, því á þeim tíma lagði fólk annan skilning í kyn og kynverund en við gerum í dag.

Þetta námsefni, *Huldukonur í sögunni*, byggir á vefnum *Huldukonur* (huldukonur.is). Á vefnum og í námsefninu er ekki endilega fjallað um lesbíur eða trans konur heldur um hinsegin kynverund kvenna á tímabilinu 1700–1960. Með hinsegin kynverund er átt við ástir, erótík og kynferðislegar þrár sem eru óhefðbundnar og falla ekki að gagnkynhneigðum viðmiðum. Einnig er fjallað um hegðun og útlit sem þótti karlmannlegt eða ókvenlegt og getur verið vísbending um hinsegin kynverund. Orðið kona er enn fremur skilgreint vítt. Það á við um fólk sem var úthlutað kvenkyni við fæðingu og upplifði sig sem konur, en einnig einstaklinga sem samfélagið túlkaði eða áleit vera konur, óháð því hver líkamsgerð þeirra eða kynvitund var í raun.

Það sem er talið vera hinsegin í dag var ekki endilega hinsegin fyrir nokkrum öldum síðan, og öfugt. Merking orðsins *hinsegin* er því háð samhengi. Þegar við skoðum söguna út frá hinsegin sjónarhorni er markmiðið meðal annars:

- » Að leita að upplýsingum um fólk sem var öðruvísi en hefðir og venjur sögðu til um hvað varðar kyn og kynverund, þ.e.a.s. hinsegin fólk í víðum skilningi. Til dæmis er átt við einstaklinga sem gengu ekki inn í stofnanir eins og hjónaband og fjölskyldu, fólk sem átti í nánum tilfinninga- eða kynferðislegum samböndum við aðila af sama kyni eða hegðaði sér ekki samkvæmt kynhlutverkum o.s.frv.
- » Að reyna að skilja hvernig fólk á þeim tíma sem um ræðir hugsaði um kyn og kynverund. Hvað var venjulegt og hvað óvenjulegt í þeirra augum?
- » Að hugsa um söguna á gagnrýninn hátt og gera ekki ráð fyrir að allt fólk hafi verið sískynja og gagnkynhneigt.
- » Að taka eftir því sem ekki er sagt í sögubókum og velta fyrir sér af hverju því er sleppt.



Orð og hugtök

Kynhneigð segir til um hverjum fólk laðast að og verður ástfangið af. **Kynverund** vísar hins vegar til heildarupplifunar af því að vera kynvera. Kynverund er samspil kyns, kyngervis, kyneinkenna, kynhneigðar og kynvitundar. Hún er breytileg og í mótun alla ævi.

Eru öll þessi hugtök ruglandi? Á vefnum *Hinsegin frá Ö til A* eru þau skilgreind og útskýrð: otila.is

Verkefni



- » Skoðaðu vefinn *Huldukonur* (huldukonur.is) og veltu fyrir þér því sem þar er fjallað um. Nefndu þrjú dæmi um eitthvað sem kemur þér á óvart og útskýrðu hvers vegna.